Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2023023084

Útgáfud.: 14. nóvember 2023

Hlutfélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir: LGK ehf.**Kt.: 421123-0710.**Heimili og varnarþing: Akurhvarfi 8, 203 Kópavogur.**Dagsetning samþykktar er: 19. október 2023.**Stofnendur: Lúðvík Smári Kristinsson, kt. 220570-3129, Sádi-Arabía, Gunnar Björn Gunnarsson, kt. 021076-4819, Akurhvarfi 8, 203 Kópavogur, POI ehf., kt. 660417-1090, Þratarási 13, 221 Hafnarfjörður.**Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 19. október 2023.**Formaður stjórnar: Gunnar Björn Gunnarsson. Meðstjórnandi: Lúðvík Smári Kristinsson.**Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.**Prókúruumboð: Gunnar Björn Gunnarsson.**Skodunarmaður/endurskoðandi: Ómar Davíðsson, kt. 100571-4209, Fákahvarfi 10, 203 Kópavogur.**Hlutfé kr.: 500.000 ISK**Tilgangur: Útleiga og eignarhald á sumarhúsum og smáhýsum, kaup og sala fasteigna, skammtíma- og langtímaleiga, ferðaþjónusta, lánastarfsemi og skyldur rekstur.**Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.**Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.***Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2023023085)

Útgáfud.: 14. nóvember 2023

Hlutfélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir: E&S 143 ehf.**Kt.: 411123-1460.**Heimili og varnarþing: Skólavörðustíg 24, 101 Reykjavík.**Dagsetning samþykktar er: 16. október 2023.**Stofnendur: Eignir & Skip ehf., kt. 500221-0970, Skólavörðustíg 24, 101 Reykjavík.**Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 16. október 2023.**Stjórnarmaður: Sigmar Páll Jónsson, kt. 220492-3629, Smyrilshlíð 5, 102 Reykjavík. Varastjórn: Bernhard Nils Bogason, kt. 060763-2169, Naustavör 34, 200 Kópavogur.**Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.**Prókúruumboð: Sigmar Páll Jónsson.**Skodunarmaður/endurskoðandi: Hrönn Petersen, kt. 161065-3239, Smáraflöt 1, 210 Garðabær.**Hlutfé kr.: 500.000 ISK**Tilgangur: Kaup, sala og eignarhald á verðbréfum. Kaup, sala og rekstur fasteigna og lausafjár ásamt lánastarfsemi tengd rekstrinum og annar skyldur rekstur.**Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.**Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.***Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2023023086)

Útgáfud.: 14. nóvember 2023

Hlutfélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir: AOB verktakar ehf.**Kt.: 711023-0700.**Heimili og varnarþing: Eldshöfða 9, 110 Reykjavík.**Dagsetning samþykktar er: 29. september 2023.**Stofnendur: Vytautas Rubezius, kt. 101274-2179, Arahólum 4, 111 Reykjavík.**Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 29. september 2023.*

Stjórnarmaður: Vytautas Rubezius. Varastjórn: Mantas Jonuska, kt. 300992-4049, Arahólum 4, 111 Reykjavík.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Vytautas Rubezius.

Prókúruumboð: Vytautas Rubezius.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Jón Jóhannesson, kt. 060960-5509, Blönduhlíð 2, 105 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Ýmisskonar verktakastarfsemi tengd byggingaframkvæmdum.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2023023090

Útgáfud.: 14. nóvember 2023

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **HTN Verktakar ehf.**

Kt.: 701023-1290.

Heimili og varnarþing: **Reykjavíkurvegi 39, 220 Hafnarfjörður.**

Dagsetning samþykktar er: 14. september 2023.

Stofnendur: Hoa Thi Nguyen, kt. 150981-2479, Reykjavíkurvegi 39, 220 Hafnarfjörður.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 14. september 2023.

Stjórnarmaður: Hoa Thi Nguyen. Varastjórn: Xingquan Liao, kt. 181177-3069, Krummahólum 6, 111 Reykjavík.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Prókúruumboð: Hoa Thi Nguyen.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Sandra Le, kt. 180793-3569, Fögrubrekku 4, 200 Kópavogur.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur fyrirtækis er verktakaþjónusta og hvers kyns þjónusta við smíði og viðhald húsa oög annarra mannvirkja og rekstur fasteigna.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2023023091

Útgáfud.: 14. nóvember 2023

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **SL2 ehf.**

Kt.: 431123-0450.

Heimili og varnarþing: **Hrísmóum 4, 210 Garðabær.**

Dagsetning samþykktar er: 23. október 2023.

Stofnendur: Gunnlaugur Freyr Arnarsson, kt. 060692-2899, Hrísmóum 4, 210 Garðabær.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 23. október 2023.

Stjórnarmaður: Gunnlaugur Freyr Arnarsson. Varastjórn: Arnar Þór Arnarsson, kt. 131097-2049, Ásbúð 78, 210 Garðabær.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Gunnlaugur Freyr Arnarsson.

Prókúruumboð: Gunnlaugur Freyr Arnarsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Þorvaldur K. Þorsteinsson, kt. 051151-2679, Reynihlíð 9, 105 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Kaup og sala á eigin fasteignum og útleiga á orlofshúsum.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.
Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.
(2023023093

Útgáfud.: 10. nóvember 2023

Stefna - til ógildingar á veðskuldabréfi

Dómstjóri Héraðsdóms Reykjaness,
Jónas Jóhannsson,

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Ingólfur Vignir Guðmundsson lögmaður, Lögfræðipjónustu Sigurðar Sigurjónssonar ehf., Kirkjuteig 21, Reykjavík, að hann þurfi fyrir hönd SL Kaffi, kt. 650909-0460, Strandgötu 9, 220 Hafnarfirði, að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjaness til ógildingar á neðangreindu veðskuldabréfi.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þá dómkröfu að ógilt verði með dómi veðskuldabréf að fjárhæð 232.989 krónur, útgefið þann 30. júní 2022 af SL Kaffi ehf., kt. 650909-0460 til Forvarna og eftirlits ehf., kt. 570903-3650. Veðskuldabréfið er tryggt með 7. veðrétti í fasteigninni Strandgata 9, Hafnarfirði, fasteignanúmer 2079437. Veðskuldabréfið var fært inn í þinglýsingarbækur þann 6. júlí 2022 og fékk skjalanúmerið 441-E-006988/2022.

Málflutningsumboð: Ingólfur Vignir Guðmundsson, kt. 140961-4269, Kirkjuteig 21, Reykjavík, kveðst flytja mál þetta fyrir hönd stefnanda SL Kaffi ehf., kt. 650909-0460, Strandgötu 9, Hafnarfirði, fyrirsvarsmaður Hjördís Birgisdóttir, kt. 200182-4729, stjórnarmaður, Lækjarbergi 36, Hafnarfirði.

Málavextir og málsástæður: Stefnandi kveður ofangreint veðskuldabréf vera útgefið þann 30. júní 2022 af stefnanda vegna skuldar stefnanda við Forvarnir og eftirlit ehf. Forvarnir og eftirlit ehf. hafi síðar runnið inn í félagið AÐ-Þrif ehf., kt. 450706-0350. Afhenti fyrrum eigandi og fyrirsvarsmaður Forvarna og eftirlits ehf., Ólafur Sigurðsson, kt. 300853-7819, félaginu AÐ-Þrif ehf. frumrit veðskuldabréfsins. Í ágúst 2023 samdi stefnandi við AÐ-Þrif ehf. um uppgreiðslu á veðskuldabréfinu og greiddi félaginu vegna þess 255.000 krónur þann 10. ágúst 2023. Kveður stefnandi skuld samkvæmt veðskuldabréfinu að fullu uppgreidda.

Stefnandi fór þess á leit við AÐ-Þrif ehf. að fá afhent frumrit veðskuldabréfsins áritað um uppgreiðslu en þá bar svo við að veðskuldabréfið fannst ekki hjá AÐ-Þrif ehf., þrátt fyrir ítarlega leit. Stefnandi kveður að frumrit veðskuldabréfsins sé glatað. Er stefnanda nauðugur sá kostur að fá veðskuldabréfið ógilt með dómi svo hægt sé að aflétta því af eign hans, Strandgötu 9, Hafnarfirði og afmá úr þinglýsingar-bókum.

Lagarök: Um lagarök kveðst stefnandi vísa til 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um stefnufrest kveðst stefnandi vísa til 3. mgr. 91. gr. laganna. Varðandi varnarþing kveðst stefnandi vísa til 2. mgr. 120. gr. sömu laga.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins kveðst stefnandi munu leggja fram eftirtalin skjöl:

1. Stefna þessi.
2. Ljósrit veðskuldabréfs, dags. 30. júní 2022.
3. Fasteignamatupplýsingar, Strandgata 9, Hafnarfirði.
4. Veðbókarvottorð, Strandgata 9, Hafnarfirði.
5. Tilkynning um greiðslu dags. 10. ágúst 2023 og tölvupóstsamskipti vegna veðskuldabréfs dags. 30. júní 2022 í ágúst 2023.
6. Gildandi skráningu fyrir stefnanda, sótt dags. 30. október 2023.
7. Afrit birtingar stefnu þessarar í Lögbirtingablaðinu.

Áskorun og fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, sem kann að hafa framangreint veðskuldabréf undir höndum, eða telur til réttar yfir því, til þess að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, er mál þetta verður þingfest í dómsal 1 í húsnæði héraðsdómsins að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, miðvikudaginn 13. desember 2023 klukkan 9.00, þá er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki lögð fram í dóm, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til framangreinds veðskuldabréfs og mótmæla framangreindum kröfum. Að öðrum kosti má búast við því að útivistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda um ógildingu veðskuldabréfsins verði teknar til greina. Stefnufrestur er einn mánuður.

Hafnarfirði, 1. nóvember 2023.

Jónas Jóhannsson dómstjóri Héraðsdóms Reykjaness.

(2023022919

Útgáfud.: 10. nóvember 2023

Stefna - til ógildingar á veðtryggingarbréfi

Dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur,

Ingibjörg Þorsteinsdóttir,

gjörir kunnugt: Kristín Edwald lögmaður, LEX lögmannsstofu Borgartúni 26, Reykjavík, hefur tjáð mér að hún þurfi fyrir hönd Karls Georgs Ragnarssonar, kt. 140352-4119, Sæviðarsundi 40, Reykjavík, að höfða mál til ógildingar á veðtryggingarbréfi, útgefnu þann 28. febrúar 2006, af Víkurstáli ehf., kt. 640388-1379 og TT-ráðgjöf ehf. til Frjálsa fjárfestingarbankans hf., kt. 691282-0829.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi veðtryggingarbréf, útgefið þann 28. febrúar 2006, af Víkurstáli ehf., kt. 640388-1379 og TT-Ráðgjöf ehf. kt. 490269-0889 til Frjálsa fjárfestingarbankans hf., kt. 691282-0829, að fjárhæð 23.780.000 kr., til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á öllum skuldum beggja skuldara við Frjálsa fjárfestingabankann hf., upphaflega með veði á 3. veðrétti og uppfærslurétti í Seljabraut 54, eignarhl. 01-0201, 01-0203, 01-0204, 01-0205, 01-0206, 01-0207, 01-0208, 01-0209 og 01-0210, Reykjavík, fastanr. 223-8908, 223-8909, 228-7212, 228-7213, 228-7214, 228-7215, 228-7216, 228-7217, 228-7218 og 228-7219.

Málavextir og málsástæður: Málavextir eru þeir að þann 28. febrúar 2006 gaf Víkurverk ehf., kt. 640388-1379 og TT-Ráðgjöf ehf. kt. 490269-0889, út veðtryggingarbréf til Frjálsa fjárfestingabankans, að fjárhæð 23.780.000 kr. og var það tryggt með veði í fasteigninni Seljabraut 54, Reykjavík, eignarhlutum 01-0201, 01-0203, 01-0204, 01-0205, 01-0206, 01-0207, 01-0208, 01-0209 og 01-0210 fastanr. 223-8908, 223-8909, 228-7212, 228-7213, 228-7214, 228-7215, 228-7216, 228-7217, 228-7218 og 228-7219.

Veðtryggingarbréfinu var þinglýst þann 13. mars 2006, hjá sýslumanninum í Reykjavík. og bar það þinglýsingarnúmerið 002774/2006 í veðmálabókum embættisins.

Með skjali dags. 15. júní 2009, var fyrrgreindu tryggingarbréfi breytt þannig að breytingar urðu á skuldara, kröfuhafa og veðinu. Í greindu skjali kom fram að þann 11. júní 2009 hefði Frjálsi fjárfestingarbankinn framselt veðtryggingarbréfið til Víkurstáls til frjálsra afnota. Með skjalinu var veðtryggingarbréfinu síðan þannig breytt að það tæki eftirléiðis til tryggingar á skilvísri og skaðlausri greiðslu á öllum skuldum stefnanda við Víkurstál hf. og var bréfið þá tryggt með veði í fasteigninni að Sæviðarsundi 40, íbúð 04-0101, Reykjavík, fastanr. 201-8242. Voru umræddar breytingar skráðar á frumrit veðtryggingarbréfsins, en einungis staðfest afrit af frumriti veðtryggingabréfsins fylgdi með er breytingarskjalinu var þinglýst.

Stefnandi kveðst nú hafa greitt upp þær skuldir sem bréfinu var ætlað að tryggja. Með áritun á frumrit breytingarskjalsins, þann 9. ágúst 2023, var staðfest af hálfu Víkurstáls ehf. að hann væri samþykktur því að breytingarskjalinu yrði aflýst. Frumrit veðtryggingarbréfsins hefur ekki fundist þrátt fyrir leit og eftirgrennsln. Vegna þess hafi ekki verið unnt að afmá það úr veðbókum og sé stefnanda því brýn nauðsyn að fá það ógilt með dómi svo unnt sé að aflétta því af fasteigninni.

Lagarök: Málið er höfðað með heimild í 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sönnunargögn og áskilnaður: Við þingfestingu málsins verða eftirtalin gögn lögð fram:

1. Frumrit ógildingarstefnu.
2. Staðfest ljósrit veðtryggingabréfs.
3. Skjal varðandi nýjan skuldara, nýjan kröfuhafa og nýtt veð.
4. Greiðslukvittun vegna þinglýsingargjalds á breytingarskjali.
5. Staðfestingu úr Lögbirtingablaði þar sem stefnan birtist.
6. Veðbandayfirlit.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreint veðtryggingabréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, til þess að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þriðjudaginn 12. desember 2023, kl. 10:00, dómsal nr. 102, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð og leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til veðtryggingarbréfsins og mótmæla ofangreindri ógildingarkröfu. Að öðrum kosti má

búast við því að útvistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda verði teknar til greina. Stefnuþrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 18. október 2023.

F. h. Ingibjargar Þorsteinsdóttur dómstjóra,
Kristófer kristjánsson aðstoðamaður dómara.

(2023022920

Útgáfud.: 13. nóvember 2023

Eignardómsstefna

Dómstjóri Héraðsdóms Reykjaness, Jónas Jóhannsson,

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Ásta Björk Eiríksdóttir, lögmaður, að hún þurfi fyrir hönd Garðbæjarfélags, kt. 540581-0109, Greniási 8, Garðabæ, að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjaness til viðurkenningar á eignarrétti þess að fasteigninni við Stapagötu 17, Reykjanesbæ, fnr. 209-4266.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þá dómkröfu í máli þessu, að viðurkennt verði með dómi eignarréttur félagsins á fasteigninni við Stapagötu 17, 260 Reykjanesbæ, fnr. 209-4266, mhl. 01 0101 og 02 0101, ásamt öllu því sem henni fylgir og fylgja ber, þar með talið leigulósarréttindum.

Verði tekið til varnar í máli þessu krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi gagnaðila, að mati dómsins eða skv. síðar framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málflutningsumboð og fyrirvar: Ásta Björk Eiríksdóttir lögmaður, Lögmennt, Hafnargötu 15, Reykjanesbæ, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Málsatvik: Stefnandi er skráður umráðandi að fasteigninni skv. fasteignaskrá ríkisins og er kaupdagur þar tilgreindur 13. nóvember 1981 en skv. sömu heimild er enginn skráður þinglýstur eigandi fasteignarinnar, sjá dskj. nr. 2. Áður var stefnandi tilgreindur eignandi skv. gjaldendaskrá Þjóðskrár Íslands og kaupdagur skráður sá sami en afhendingardagur 1. janúar 1970, sjá dskj. nr. 3.

Umrædd fasteign nefnist Garðbær en þar bjuggu hjónin Steinunn Ólafsdóttir fd. 6. júní 1862 (lést 18. júní 1944) og Magnús Pálsson fd. 16. ágúst 1863 (lést 4. maí 1950) allt frá vori 1905. Ölu þau þar upp fjögur börn sín; Kristinn Jóel fd. 25. febrúar 1893 (lést 28. desember 1981), Sigurbjörn fd. 4. janúar 1898 (lést 22. febrúar 1918), Árnheiði fd. 2. september 1900 (lést 18. október 1993) og Guðna fd. 21. nóvember 1904 (lést 15. september 1996). Stofnun Garðbæjarfélags, stefnandi þessa máls, á rætur sínar til fundar sem Árnheiður, boðaði bræður sína til að Garðbæ þann 29. júní 1972, sjá bls. 2 dskj. nr. 4.

Árnheiður hafði búið með foreldrum sínum í Garðbæ alla tíð og eftir dánardag þeirra haldið þar heimili allt til um það bil 1960, þegar hún flutti með eiginmanni sínum, Árna Sigurðssyni, og stjúpdóttur, Guðríði Árnadóttur, að Kirkjubraut 17, 260 Reykjanesbæ, sjá dskj. nr. 5. Þegar Árnheiður boðaði til framangreinds fundar var orðið ljóst að Garðbær þarfnadist töluverðs viðhalds og var það erindi fundarins, svo og nýting fasteignarinnar til framtíðar, sjá dskj. nr. 4. Á þessum tíma var Sigurbjörn látinn en hann lést ungur og lét ekki eftir sig maka eða afkomendur. Á fundinn mættu bræðurnir Guðni og Kristinn ásamt sonum sínum, auk þess sem Árni, eiginmaður Árnheiðar, var viðstaddur. Í kjölfarið hófust framkvæmdir sem systkinin og afkomendur þeirra stóðu saman að og lýst er í fundargerðarbók sem vel var við haldið og fram er lögð í málinu, sjá dskj. nr. 4. Þann 19. ágúst 1973 var boðað til fundar þar sem stofnun Garðbæjarfélags var rædd og samþykkt einróma. Fram kom á fundinum að Árnheiður kæmi til með að afhenda félaginu fasteignina kvaðalaust, sjá bls. 15-16 á dskj. nr. 4. Þann 11. september 1976 var ákveðið að skrifa öllum afkomendum Magnúsar og Steinunnar í Garðbæ, sem væru giftir eða trúlofaðir, og bjóða þeim að ganga í Garðbæjarfélagið, sjá bls. 19-20 á dskj. nr. 4. Aðalfundur var haldinn í Garðbæjarfélaginu þann 20. febrúar 1977, þar sem hjónunum Árnheiði og Árna var þakkað fyrir að afhenda félaginu fasteignina að Garðbæ og fyrir gjöf til félagsins, sparibók sem geymdi leigutekjur af fasteigninni. Þá var ákveðið að hver afkomandi Steinunnar og Magnúsar gæti hvenær sem er gengið í félagið. Öll þau er sóttu fundinn rituðu nafn sitt í fundarbók þ.á.m. Árnheiður og Árni, sjá bls. 25-26 á dskj. nr. 4.

Árin á eftir hélt Garðbæjarfélag áfram að endurbyggja og viðhalda fasteigninni og gistu þeir félagsmenn sem eftir því sóttust á fasteigninni skv. úthlutun, sjá dskj. nr. 8. Verkefnið tókst það vel að árið 1980 hlaut Garðbæjarfélag viðurkenningu fyrir varðveislu gamalla húsa og snyrtilegt umhverfi frá fegrunarnefnd Njarðvíkurbæjar, sjá bls. 32 á dskj. nr. 4.

Á aðalfundi félagsins þann 14. apríl 1991 kom fram að skv. nýju skipulagi fyrir Innri-Njarðvík skyldi Garðbær fá að standa. Þá kom fram á aðalfundi þann 20. júní 1993 að kanna ætti áhuga bæjaryfirvalda á því að taka þátt í viðhaldi/endurnýjun garða og var erindi þess efnis sent á bæjaryfirvöld í kjölfar aðalfundar þann 3. júlí 1994, sjá bls. 46-48 á dskj. nr. 4.

Á aðalfundi Garðbæjarfélags þann 2. nóvember 2003 kom fram að félagið væri þinglýstur eigandi að Garðbæ og að Reykjanesbær hefði tekið jákvætt í beiðni félagsins um þátttöku bæjarins í endurbyggingu grjótagarðs, sjá bls. 50-51 á dskj. nr. 4.

Fram kemur í samþykktum Garðbæjarfélags dags. 16. júlí 2019 að félagsaðild hafi allir fjölskyldumeðlimir sem ættir hafi að rekja til Garðbæjar og að tilgangur félagsins sé að halda utan um rekstur fasteignarinnar, Garðbæjar, sjá dskj. nr. 6.

Fyrir liggur að Garðbæjarfélag hefur greitt fasteignagjöld og annan rekstrarkostnað fasteignarinnar, sjá dskj. nr. 7.

Fasteignin er tilgreind á túnakorti árið 1919, sjá dskj. nr. 9. Þá er Magnús Pálsson tilgreindur eigandi fasteignarinnar í Gjörðabók fasteignamatsefnar í Gullbringusýslu þann 18. mars 1916, sjá dskj. nr. 10. Þá kemur fram í lóðaskrá fyrir Njarðvík árið 2000 að Garðbæjarfélagið sé 100% eigandi fasteignarinnar en eignarheimild er þar ekki tilgreind, sjá dskj. nr. 11.

Lóðin sem Garðbær stendur á er þinglýst eign Reykjanesbæjar, áður Njarðvíkurbær, frá 10. nóvember 1978, skv. afsali undirrituðu þann dag en á því er fasteignin Garðbær sögð standa á 800 fermetra lóð sem óvíst virðist hafa verið um hvort væri leigulóð, sjá dskj. nr. 12.

Líkt og áður segir stóðu félagsmenn Garðbæjarfélags í þeirri trú að umrædd fasteign væri þinglýst eign félagsins. Nýverið kom hinsvegar á daginn að ekki er um að ræða þinglýsta eignarheimild heldur er Garðbæjarfélag skráð umráðamaður. Enga þinglýsta eignarheimild er að finna um fasteignina né skjallegar upplýsingar um ráðstöfun hennar, aðrar en þær sem ritað er um sögu þess fólks sem þar bjó, sjá dskj. nr. 13-15. Heimilisfólk að Garðbæ er tilgreint í manntali 1910, sjá dskj. nr. 16.

Skattframtöl hjónanna Steinunnar Ólafsdóttur og Magnúsar Pálssonar hafa ekki fundist né erfðafjárskýrsla vegna ráðstöfunar eignarinnar úr dánarbúi hjónanna. Fasteignin var skráð eign eiginmanns Árnheiðar Magnúsdóttur, Árna Sigurðssonar, á yfirliti yfir fasteignir skv. fasteignamati 1. desember 1980 en ekki skráð eign hans skv. yfirliti yfir fasteignir skv. fasteignamati 1. desember 1981, sjá dskj. nr. 17 og 18. Ekki fundust upplýsingar um eignir Árnheiðar Magnúsdóttur enda voru eignir hjónanna og tekjur taldar fram í nafni eiginmannsins skv. reglum og venjum þess tíma, sjá dskj. nr. 22.

Svo að unnt sé að skrá stefnanda sem þinglýstan eiganda fasteignarinnar er nauðsynlegt að fá eignarrétt stefnanda staðfestan með dómi. Á löglega boðuðum aðalfundi félagsins þann 30. maí 2023 var samþykkt að höfða mál þetta, sjá dskj. nr. 20. Á fundinum voru fulltrúar allra afkomenda Steinunnar og Magnúsar í Garðbæ þ.e. Sóley Birgisdóttir, dóttir Birgis Guðnasonar sonar Guðna Magnússonar, Sigurbjörn Gestur Sævarsson, sonur Önnu Grétu Sigurbjörnsdóttur dóttur Sigurbjörns Óskars Kristinssonar sonar Kristins Jóels Magnússonar og Svanur Danielsson sonur Daníels Sigurðssonar, sonur Sigurðar Kristinssonar sonur Kristins Jóels Magnússonar. Líkt og áður segir eignaðist Sigurbjörn Magnússon enga afkomendur. Guðríður Árnadóttir, stjúpdóttir Árnheiðar Magnúsdóttur, gekk að eiga Vigni Guðnason, son Guðna Magnússonar, bæði voru þau virkir félagar í Garðbæjarfélagi. Guðríður og Vignir eignuðust ekki börn saman en fyrir átti Guðríður börnin Árna Óskarsson og Guðnýju Óskarsdóttur, hvorugt þeirra eignaðist afkomendur.

Við skipti á dánarbúi Árnheiðar Magnúsdóttur og Árna Óskarssonar voru börn Árna tilgreindir erfingjar hjónanna þ.e. Einar Árnason, fd. 1. september 1930 (lést 11. febrúar 2016) fyrrnefnd Guðríður Árnadóttir, fd. 15. október 1932 (lést 25. nóvember 2009), og Sigurþór Árnason, fd. 18. desember 1933 (lést 5. desember 2009). Fasteignin að Garðbæ hafði sem fyrr segir þegar verið afhent Garðbæjarfélaginu og því ekki talin fram til eigna búðins.

Málsástæður: Stefnandi byggir á því að fasteignin Garðbær við Stapagötu 17 í Reykjanesbæ, fnr. 209-4266, hafi verið í eigu félagsins á hverjum tíma allt frá stofnun þess þann 19. ágúst 1977 en þá hafi fasteignin verið afhent stefnanda af Árnheiði Magnúsdóttur og Árna Sigurðssyni á formlegum félagsfundi, sjá dskj. nr. 4. Visast um það til fundargerðarbókar sem undirrituð var af öllum viðstöddum þ.á.m. þeim Árnheiði og Árna. Afhending fasteignarinnar virðist þó ekki hafa verið skráð í opinberum bókum heldur verið skráð eign framangreindra hjóna allt til ársins 1980, sjá dskj. nr. 11 og 12.

Félagið var skráð í fyrirtækjaskrá þann 14. maí 1981, sjá dskj. nr. 21, en eftir þann tíma var fasteignin Garðbær ekki skráð eign hjónanna Árnheiðar og Árna, sjá dskj. nr. 12 og 13. Ekki hafa fundist gögn sem

bera með sér að fasteignin hafi þá verið þinglýst eign stefnanda en þó munu félagsmenn hafa gengið út frá því að svo væri, sjá bls. 48 á dskj. nr. 4 sbr. einnig dskj. nr 3.

Stefnandi byggir á því að ljóst sé af gögnum máls, þ.á.m. ítarlegri fundargerðarbók félagsins svo og ritaðri sögu félagsmanna, að fasteignin hafi verið óslitið í eigu stefnanda allan þann tíma sem um ræðir sbr. einnig opinberar skráningar en stefnandi hefur verið skráður umráðandi fasteignarinnar allt frá 13. nóvember 1981 hið minnsta, sjá dskj. nr. 2, 3 og 11. Þá hefur stefnandi staðið straum af öllum rekstrarkostnaði fasteignarinnar þ.á.m. greitt fasteignagjöld, sjá dskj. nr. 7. Allar opinberar skráningar sem til séu og lúti að fasteigninni beri með sér að litið sé og hafi verið á stefnanda sem eiganda fasteignarinnar.

Stefnandi byggir ennfremur á því að aldrei hafi eignarréttur stefnanda að fasteigninni verið dregin í efa. Aldrei hafi nokkur annar aðili, einstaklingur, fyrirtæki eða stofnun, haft uppi kröfu eða tilkall til eignarréttar fasteignarinnar.

Verði ekki fallist á framangreindar málsástæður stefnanda er til vara á því byggt að hvað sem öðru líði hafi stefnandi að minnsta kosti öðlast eignarrétt fyrir fasteigninni fyrir hefð, í samræmi við ákvæði laga nr. 46/1905 um hefð. Öllum skilyrðum laganna um stofnun eignarréttinda yfir fasteign fyrir hefð sé fullnægt, svo sem um óslitið eignarhald í meira en 20 ár. Fullnaður sé því lögbundinn hefðartími, sem skapar stefnanda ótvírætt eignarrétt að fasteigninni sbr. 6. gr. laganna.

Málið er höfðað í þeirri þinghá sem fasteignin er staðsett en jafnframt er um að ræða heimilisvarnarþing stefnanda skv. skráðu heimlisfangi.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til þess að hafa uppi frekari kröfur, málsástæður og lagarök, reynist þess þörf undir rekstri málsins fyrir dómi. Þá áskilur stefnandi sér rétt til þess að leggja fram frekari sönnunargögn á síðari stigum málsins og að leiða vitni til skýrslugjafar fyrir héraðsdómi, reynist þess þörf undir rekstri málsins.

Lagarök: Varðandi lagarök kveðst stefnandi vísa til 122. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísar stefnandi til 2. mgr. 120. gr. sömu laga. Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu samkvæmt 3. mgr. 121. gr. sömu laga.

Þá kveðst stefnandi vísa til 1. mgr. 72. gr. Stjórnarskrár Lýðveldissins Íslands nr. 33/1944, um friðhelgi eignarréttarins og meginreglna eignarréttarins um skráningu eignarréttinda að fasteign.

Stefnandi kveðst ennfremur vísa til Þinglýsingarlaga nr. 39/1978, einkum 2. og 4. kafla laganna, svo og til ákæða Hefðarlaga n. 46/1905, einkum 1., 2. og 6. gr. laganna.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins kveðst stefnandi ætla leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

Nr. 1. Frumrit eignardómsstefnu.

Nr. 2. Útrent úr fasteignaskrá Ríkisins dags. 18. október 2023.

Nr. 3. Fasteignamatupplýsingar af Credit Info, dags. 22. september 2016.

Nr. 4. Fundargerðarbók Garðbæjarfélags frá 29. júní 1972 til 2. nóvember 2003.

Nr. 5. Grein eftir Björn Jónsson sem birtist í 1. tbl. Faxe þann 1. janúar 1986.

Nr. 6. Samþykktir fyrir Garðbæjarfélagið dags. 16. júlí 2019.

Nr. 7. Yfirlit um fasteignagjöld árin 2022 og 2023.

Nr. 8. Garðbæjarfélagið. Úthlutun 1983.

Nr. 9. Túnakort 0-012.

Nr. 10. Úr Gjörðabók fasteignamatnefndar í Gullbringusýslu dags. 18. mars 1916.

Nr. 11. Úr Lóðaskrá fyrir Njarðvík árið 2000.

Nr. 12. Afsal vegna lóðar auk teikningar.

Nr. 13. Minning um Árnheiði Magnúsdóttur, Morgunblaðið dags. 22. október 1993.

Nr. 14. Minning um Vigni Guðnason, Morgunblaðið dags. 4. september 1998.

Nr. 15. Grein eftir Guðna Magnússon sem birtist í 4. tbl. Faxe 1. október 1979.

Nr. 16. Manntal 1910 af heimasíðunni www.manntal.is – sótt 7. nóvember 2023.

Nr. 17. Yfirlit yfir fasteignir skv. fasteignamati 1. desember 1980

Nr. 18. Yfirlit yfir fasteignir skv. fasteignamati 1. desember 1981.

Nr. 19. Skattframtal Árna Sigurðssonar fyrir árið 1961.

Nr. 20. Fundargerð og fundarboð aðalfundar Garðbæjarfélags þann 30. maí 2023.

Nr. 21. Skráning stefnanda í Fyrirtækjaskrá.

Nr. 22. Erðafjárskýrsla db. Árna og Árnheiðar, dags. 28. mars 1994.

Nr. 23. Fundargerðabók endurskrifuð á word.

Nr. 24. Eintak Lögbirtingablaðs þess sem stefna þessi birtist í.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hverjum þeim, sem kann að telja sig eiga rétt til fasteignarinnar Garðbæjar við Stapagötu 17, Reykjanesbæ, fastanr. 209-4266, mhl. 01 0101 og 02 0101, til að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjanes, sem háð verður að Fjarðargötu 9 í Hafnarfirði í dómsal 1, miðvikudaginn 13. desember 2023, kl. 9.00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til fasteignarinnar og leggja fram gögn af sinni hálfu, en að öðrum kosti má búast við að útivistardómur gangi í málinu um eignarrétt stefnanda og að kröfur hans, um að hann sé réttur og löglegur fasteignarinnar, verði teknar til greina.

Stefnufrestur ákveðist einn mánuður.

Hafnarfirði, 8. nóvember 2023.

Jónas Jóhannsson dómstjóri.

(2023023004

Útgáfud.: 14. nóvember 2023

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

Stefndi: Örvar Ólafsson, kt. 211076-3809, óþekkt heimilisfang.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Ragnhildur Sophusdóttir, rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 323.683, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 323.683 frá 4. júlí 2023 til greiðsludags. Kröfunúmer 00331-230141.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málavextir og málsástæður: Krafa stefnanda byggir á uppsafnaðri skuld stefnda við stefnanda á veltureikningi nr. 0370-26-004013. Veltureikningurinn tilheyrir útibúi stefnanda og er skuldin til komin vegna samnings um yfirdráttarlán á veltureikningi hjá stefnanda þar sem stefndi lofaði að taka að láni og stefnandi lofaði að lána allt að kr. 450.000, sbr. dskj. nr. 4. Stefndi auðkenndi sig í netbanka stefnanda og sótti þar um yfirdráttarheimild á framangreindum reikningi. Þar staðfesti hann að hafa kynnt sér staðlaðar upplýsingar um lánessamninginn, sbr. dskj. nr. 5, og upplýsingar um þróun höfuðstóls og greiðslubyrði auk þess sem hann samþykkti lánessamninginn. Yfirdráttarlánið var í kjölfarið afgreitt.

Samkvæmt skilmálum samningsins skyldi endurgreiða skuldina með einni greiðslu þann 1. febrúar 2021. Lánið skyldi bera yfirdráttarvexti samkvæmt nánari útlistun í lánessamningnum.

Lánið var síðar framlengt, sbr. 4. gr. samningsins, allt til 30. apríl 2023.

Skuldin var ekki greidd á gjalddaga og var reikningum í framhaldi lokað, nánar tiltekið þann 4. júlí 2023 en uppsöfnuð skuld nam þá kr. 323.683, sem er stefnufjárhæð málsins, sbr. dskj. nr. 3.

Samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og meginreglu samningaréttar um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga ber stefnda að greiða kröfuna. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Stefndi hefur reglulega fengið send yfirlit frá stefnanda um stöðu reikningsins á hverjum tíma, en stefnandi veit ekki til þess að gerðar hafi verið athugasemdir við þau yfirlit.

Stefnandi krefst ekki dráttarvaxta af kröfunni frá gjalddaga kröfunnar, heldur frá lokun reiknings til hagsbóta fyrir stefnda sbr. framangreint, til greiðsludags og byggir þá kröfu á gr. 2.5 og ákvæði um uppsögn lánessamnings í samningi um yfirdráttarlán og 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt upplýsingum þjóðskrár er stefndi með óþekkt heimilisfang en ekki er nánar vitað um heimilisfang hans. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Lagatilvísanir: Vísað er til almennra reglna kröfuréttarins og meginreglu samningaréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Jafnframt er vísað til laga um neytendalán nr. 33/2013.

Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við ákvæði laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Reikningaskrá.
4. Samningur um yfirdráttarlán.
5. Staðlaðar upplýsingar um evrópsk neytendalán.
6. Yfirlit úr þjóðskrá.
7. Málskostnaðarreikningur.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102, Dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg, þann 14. desember 2023, kl. 10.00 og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi. Stefnuþingur er einn mánuður.

Reykjavík, 17. október 2023.

F. h. stefnanda,

Ragnhildur Sophusdóttir lögmaður.

(2023023100

Útgáfud.: 10. nóvember 2023

Tilkynning um aðila sem slitið hefur verið með dómsúrskurði

Með vísan til 6. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III við lög um skráningu raunverulegra eigenda, nr. 82/2019, sbr. lög nr. 139/2022, tilkynnist hér með að eftirtöldum aðilum sem ekki hafa sinnt skráningarskyldu sinni skv. lögnum, hefur verið slitið með úrskurði héraðsdóms:

Heiti félags	Kennitala félags
5102161720	KtF 2016, félagasamtök
5103080180	BG Partners Invest ehf.
5104963379	Starfsmannafélag Lánasýslu rík
5107023790	Útilegumenn, áhugamannafélag
5107952969	Íslenska miðlasambandið-Ic.M.S.
5107962339	Langspil ehf.
5108932989	Nuddskóli Íslands
5109972399	Félag nema í bóksafns/upplfræði
5110932369	Verðandi, samt ungs Alþýðubólks
5110962789	Brettafélag Reykjavíkur
5110993239	Grennd, áhugamannafélag
5201953279	Menntastofnun Reykjavíkur
5201962269	Baykal grúppan, félag
5202182030	Aurora Fox ehf.
5202801039	Líf og land, umhverfismálafélag
5203972649	Miðborgarsamtök Reykjavíkur
5203992089	Ikarus, félag fallhlífastökkvára
5204952589	Framleiðendafélagið
5205810149	Átak gegn áfengi
5205861219	M.S.C. Ísland, mótorklúbbur
5206140790	Volcanic Tourist Apartment Fund slhf.
5209911159	Samstaða um óháð Ísland
5210092330	Styrktarfélagið Geðheilsugarður
5212973289	Ljóð og söngvar, áhugamannafélag
5301694219	Félag raftækjaheildsala
5301697159	Félag matvörukaupmanna

5301871529	Iðnsaga Íslendinga
5301932689	Ferðafélagið Læst á öllum
5302022830	Áhugafélag um GPN á Íslandi
5303033570	Gríma, átak gegn einelti, félag
5303090880	Stuðningsmannafélag BÓ
5308871119	Foreldrasamtökin
5309072010	Minningarsjóður Dóru Kondrup
5709090530	Samtökin brjóstakrabbamein
5711032570	Félag guðfræðinga
5712911189	L.S. 91, íþróttafélag
5801071090	Áhugamannafélagið DEA
5801932189	Minningarsj Baldv/Margr Dungal
5802191360	Accutor ehf.
5802992029	Rannsóknarst.um byggðamenningu
5807002250	Sjómannaþjónustan í Reykjav
5807002760	Söngkvartettinn Rúdolf, áhugamfé
5808003940	Borgarskáknotið
5810044190	Hagsmunasamtök hundaeigenda
5810100440	Poolfélagið 2349
5810891559	Aflfélag sendibílstjóra
5901160920	Styrktarsjóður Birgittu Gyðu
5902012430	1GlobalPlace Inc, útibú á Ísl
5902690349	Skíðafélag Reykjavíkur
5904171300	Lux Cars ehf.
5905720129	Örninn, borðtennisfélag
5909024460	Vinnumenn án klæða sf.
5909953049	Fjórða-bekkjarráð Menntask Sund
5912022190	Menntasjóður Kaupþings banka hf
5912033470	Starfsmannafélag Tæknihásk Ísl
6001830289	Endurhæfingarstöð heyrnarskertr
6001952049	Stofnun Dante Alighieri á Ísl.
6002033390	Upp í vindinn '03, útgáfufélag
6002140200	Volcanic Property Fund III slhf.

Vakin er athygli á að samkvæmt 7. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III við lög um skráningu raunverulegra eigenda, nr. 82/2019, er úrskurður héraðsdómara um slit kæránlegur til Landsréttar. Kæra skal lögð fram innan tveggja vikna frá birtingardegi tilkynningar þessarar. Þá getur sá sem á lögvarinna hagsmuna að gæta óskað eftir endurupptöku slita sem hafa farið fram enda leggi hann fram staðfestingu ríkisskattstjóra um að skráningarskyldu samkvæmt lögum um skráningu raunverulegra eigenda, nr. 82/2019, hafi verið fullnægt. Beiðni um endurupptöku skal afhent héraðsdómi innan fjögurra vikna frá birtingardegi tilkynningar þessarar.

Reykjavík, 9. nóvember 2023.

Ríkisskattstjóri.

(2023022915

Útgáfud.: 14. nóvember 2023

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Við öll ehf.**

Kt.: 711023-2320.

Heimili og varnarþing: **Hallgerðargötu 1, 105 Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 16. október 2023.

Stofnendur: Halldóra Brynjarsdóttir, kt. 280270-4669, Hallgerðargötu 1, 105 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 16. október 2023.

Stjórnarmaður: Halldóra Brynjarsdóttir. Varastjórn: Freyr Bragason, kt. 201169-5939, Andrésbrunni 16, 113 Reykjavík.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Halldóra Brynjarsdóttir.

Prókúruumboð: Halldóra Brynjarsdóttir.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Jóna Fanney Kristjánsdóttir, kt. 200365-4619, Furuhlíð 33, 221 Hafnarfjörður.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er: Heildsala og smásala á snyrtivörum og því tengdu, innflutningur, útflutningur, smásala, rekstur fasteigna, útleiga á fasteignum og lánastarfsemi.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2023023020

Útgáfud.: 14. nóvember 2023

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Siggi Sig ehf.**

Kt.: 421123-0470.

Heimili og varnarþing: **Naustavör 7, 200 Kópavogur.**

Dagsetning samþykktar er: 23. október 2023.

Stofnendur: Sigurður Sigurðsson, kt. 270464-2389, Naustavör 7, 200 Kópavogur.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 23. október 2023.

Stjórnarmaður: Ásta Guðmunda Hjálmtýsdóttir, kt. 270566-4489, Naustavör 7, 200 Kópavogur. Varastjórn: Magni Reynir Sigurðsson, kt. 241085-2959, Naustavör 8, 200 Kópavogur.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Sigurður Sigurðsson.

Prókúruumboð: Sigurður Sigurðsson, Ásta Guðmunda Hjálmtýsdóttir.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Guðrún Katrín J. Gísladóttir, kt. 010966-5909, Dynskógum 5, 109 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er leiga og rekstur á atvinnuhúsnæði.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2023023021

Útgáfud.: 14. nóvember 2023

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Taza ehf.**

Kt.: 711023-0460.

Heimili og varnarþing: **Bræðraborgarstíg 5, 101 Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 30. október 2023.

Stofnendur: Omar Hamed Aly Salama, kt. 181280-2479, Bræðraborgarstíg 5, 101 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 30. október 2023.

Stjórnarmaður: Omar Hamed Aly Salama. Varastjórn: Ingibjörg Björnsdóttir, kt. 180683-4299, Bræðraborgarstíg 5, 101 Reykjavík.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Omar Hamed Aly Salama.

Prókúruumboð:

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Sindri Guðjónsson, kt. 290379-4749, Dalsbyggð 13, 210 Garðabær.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Innflutningur á ávöxtum, grænmeti og ólífuolíu.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2023023022

Lögbirtingablað,
2. tölublað 2024.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi,
Kristín Þórðardóttir.